



Nefndasvið Alþings,
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2018

Fyrirspurn til FME, beiðni um upplýsingar hjá FME vegna svars eftirlitsins í álitum þess á ákvæðum um ævilangan makalífeyri í núverandi lögum um Lífeyrissjóð bænda nr. 12/1999.

Efni tölvupósts, sem sendur var FME í dag:

“Sæll Gunnar Þór,

Í svari Fjármálaeftirlitsins til Lífeyrissjóðs bænda dags. 27. apríl 2018 segir:

„...að 6. gr. laga nr. 12/1999 og 4. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1984 hafa eingöngu snúið að áunnum réttindum sjóðfélaga og maka þeirra sem aflað var í samræmi við 11. gr. laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda. Í 11. gr. þágildandi laga nr. 101/1970 var kveðið á um ævilangan lífeyri (**innsk. Hvar ?**) til handa maka sjóðfélaga að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þannig virðist Fjármálaeftirlitinu sem að um misskilning sé að ræða af hálfu Lífeyrissjóðs bænda að ekki hafi komið til fjárframlags í sjóðinn til að mæta þessu“.

Ég fæ ekki séð að kveðið sé á um **ævilangan makalífeyrisrétt** í 11. gr. laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda.

Vinsamlegast sendið okkur þessa klausu úr lögunum eða tilvísun í málsgreinina þannig að við getum séð svart á hvítu að þessi réttur sé til staðar í lögunum?

Meðf. eru lög nr. 101/1970 og þ.t., og tilvísað bréf eftirlitsins.”

Í munnlegu samtali við Gunnar Þór Ásgeirsson lögfræðing hjá FME í framhaldi af tölvupóstinum, kom fram að sjóðurinn geti ekki átt von á svari fyrr en eftir í fyrsta lagi eina til tvær vikur.

Virðingarfyllst,

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA

Ólafur K. Ólafsson
framkvæmdastjóri